

## 113. fundur í rekstrarnefnd Klausturhóla haldinn á Skaftárvöllum 2a 5.október 2016 kl 13:00

Mætt eru: Kjartan Magnússon formaður, Sigurlaug Jónsdóttir, Einar Bárðarson, Elín Heiða Valsdóttir, Rannveig Bjarnadóttir og Matthildur Pálsdóttir hjúkrunarforstjóri. Sigurður Árnason boðaði forföll og ekki mætti varamaður í hans stað. Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri mætti einnig til fundarins.

Formaður býður fundarmenn velkomna og gengið er til dagskrár sem var send út með fundarboði.

### 1. Skýrsla Hjúkrunarforstjóra.

Matthildur fer yfir stöðuna á heimilinu. Heimilið er full nýtt eins og stendur og dvelja þar 19 manns. 16 í hjúkunarrýmum, 2 í dvalarrými og 1 í hvíldarinnlögn. Flestir íbúa eru úr Skaftárreppi og nærsvitum en 5 eru annarsstaðar af landinu.

Sumarafleysingar gengu vel og ekki voru vandræði með húsnaði í sumar. 2 hjúkrunarfræðingar voru til skiptis við vinnu á heimilinu í sumar.

2 hjúkrunarfræðingar verða við vinnu á Klausturhólum í vetur.

Ræstitæknir sótti starfsbjálfun/kynningu á HSU á Selfossi.

Klausturhóladagurinn verður haldinn 22. Október.

Breytingar hafa verið gerðar innanhúss á Klausturhólum. Búið er að færa virknistofu yfir í „betri stofuna“ og búið að setja upp setustofu í rými sem áður var virknistofa.

Íþróttakennari heimsækir heimilið tvisvar í viku í 1 klukkustund í senn.

Eftir umræður um fæðismál starfsmanna ákveður Rekstrarnefnd að frá og með 1. Nóvember verði lagt fæðisgjald á starfsmenn sem borða í matsal heimilissins utan vinnutíma.

### 2. Fjárhagsstaða Klausturhóla

Sandra Brá fer yfir 9 mánaða fjárhagsstöðu Klausturhóla.

Styrkir og framlög hækka frá áætlun vegna færðra tekna af skuldarniðurfellingu Klausturhóla við Skaftárreppu.

Flestir rekstrarliðir eru á áætlun en gæta þarf að því að launakostnaður er umfram áæltun og gæta þarf aðhalðs í yfirvinnu.

### 3. Önnur mál

Sandra Brá leggur fram tilboð vegna stjórnskipulagsúttektar á Klausturhólum. Rekstrarnefnd samþykkir að fela Söndru að ganga til samninga við KPMG um úttektina.

Hjúkrunarheimilinu hefur borist arfur frá dánarbúi Vilhjámls Eyjólfssonar frá Hnausum.

Rekstrarnefnd þakkar sýnda velvild í garð Klausturhóla.

Fleira ekki gert á fundi

Fundi slitið kl 15:00

F.B.  
EFL KM.

Kjartan Magnússon

Kjartan Magnússon

Elín H. Valsd.

Elín Heiða Valsdóttir

Einar Bárðarson

Einar Bárðarson

---

Sigurlaug Jónsdóttir